

Skólaráðsfundur 18.apríl 2023

Fjarfundur – viðstaddir: Lísá Greipsson, Petra Eiríksdóttir, Dóra Lind Pálmarsdóttir, Ásdís Valsdóttir og Erla Björnsdóttir.

Forfallaðir: Hildur Snorradóttir, Sara María Ingólfssdóttir og Steinunn Þorkeldsdóttir.

1. Upplýsingar til skólaráðs vegna endurbóta á skólalóð Lágafellsskóla 11.4.2023

11.apríl var haldinn fundur með aðilum frá fræðsluviði, umhverfissviði, landslagsarkitekt og skólastjóra.

Hópurinn hafði kynnt sér vel þær skýrslur sem foreldrafélagið hafði látið vinna er varða öryggi og endurbætur á skólalóðinni.

Helstu atriði sem farið var yfir:

Girða af við „norður“ enda og bílastæði, gæta að öryggi nemenda á þessum svæðum sem tengjast umferðargötu og bílastæði við skólann.

Girða af körfuboltavöll til að koma í veg fyrir að nemendur lendi í árekstrum á hlaupum.

Bæta við kastala – eins stóran og fjölbreyttan og svæðið ber.

Fleiri rólur – ath með hringrólu (6-8 rólur í 6/8 hyrning – ábending frá foreldrum), hringrólu gætu verið góð lausn og tekið minna pláss.

Laga brettasvæði – fá ný tæki.

Innlíma græna svæðið sem tengist Hjallahlíð. Skólalóðin hefur ekkert grænt svæði og það væri dásamlegt ef hægt væri að gera þetta svæði hluta af skólalóðinni með góðu móti og þá afgirt með einhverjum hætti.

Girða af við „gönguás“ frá Hjallahlíð, finna leið til að gestir og nemendur komi ekki á fleygiferð í gegnum skólalóðina en það er ekkert sem hægir á þeim sem koma á hjólum hverskonar inn á skólalóðina úr þeirri átt.

Rætt um skýrslu frá foreldrafélagi og þær áherslur sem koma þar fram.

Í upphafi fundar fór skólastjóri yfir draum/framtíðarsýn um að bílastæðin verði færð aftur fyrir skólann þ.e. meðfram Baugshlíð og núverandi bílastæði verði hluti af skólalóðinni. Með því móti megi gera öruggara „sleppisvæði“ fyrir nemendur og skólalóðin yrði mun stærri, bílaumferð við skólalóðina myndi minnka til muna og öryggi nemenda aukast.

17:20 fundi slitið

Fundarritari: Lísá Greipsson